



**ÓRÓI, krunk hrafnanna er
ungmennabók sem byggir
á þjóðsagnaarfi Íslendinga.
Bókin er sjálfstætt framhald**



fyrri bókar, ÓGN, ráðgátan um Dísar-Svan.

Vorið er á næsta leiti og skólanum að ljúka. Framundan er sumarfrí en þá kemur Lára, vinkona Svandísar, í heimsókn og þær eiga von á heimboði í álfheima á hátíð sem haldin er á sumarsólstöðum. Gömul, stórfurðuleg kona verður á vegi Svandísar og kynnir sig sem Sesselíu frá Hóli. Hún kemur víða við í sögunni og Svandís flækist inn í spennuþrunginn ævintýraheim álfa, skuggafólks, kynjaskepna og drauga. Þegar Þráinn, nýi strákurinn í bekknum, bætist í vinahópinn kvikna nýjar tilfinningar og ástarmálin flækjast.

Hér renna raunheimar og hulduheimar saman. Svandís og vinir hennar komast að ráðabruggi álfa og skuggafólks og það stefnir í blóðugan bardaga milli fylkinganna. Það reynir á útsjónarsemi, þor og dirfsku Svandísar og vina hennar ef þeim á að takast að leysa vin úr haldi, finna falinn fjársjóð og stöðva yfirvofandi stríð.

Sagan er sjálfstætt framhald bókarinnar, ÓGN, ráðgátan um Dísar-Svan og byggir, líkt og fyrri bók, á þjóðsagnaarfi Íslendinga. Nú eru það draugasögurnar sem höfundurinn, Hrund Hlöðversdóttir, tengir ævintýrum unglínganna.

Í bókinni ÓRÓI, krunk hrafnanna fylgjast lesendur með sömu sögupersónum og í fyrri bók þeim Svandísi, Láru, Hrafnklukku, Brjáni og Sylvíu.

Söguvið bókarinnar er undir Hraundranga í Öxnadal.

Skemmtileg gönguleið er upp að Hraunsvatni og tilvalið er fyrir fjölskyldur eða skólahópa að fara upp að vatni og upplifa umhverfi ævintýrisins.

Hægt er að ganga frá bænum Hálsi og er stikuð leið upp að vatninu.

Gangan tekur um u.þ.b. 50 mínútur hvora leið.

